

Fundargerð

22 fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum
10. september 2024 klukkan 13.00 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ)

Friðfinnur Skaftason (FS)

Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH)

Hjalti Jón Guðmundsson (HJG)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Hafdís Sturlaugsdóttir (HS)

Hreinn Harfnkelsson (HH)

Frá Skipulagsstofnun:

Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hildur Kristjánsdóttir (HK) sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár. Vegna óska frá FS var ákveðið að taka fyrst fyrir kynningu á stöðu EGNOS til upplýsinga.

FS var viðstaddur umfjöllun um 1. dagskrárlið önnur mál en vék svo af fundi að honum loknum.

1. Önnur mál

FS gerði grein fyrir vinnu sem ráðuneytið tekur þátt í við innleiðingu á leiðsögukerfinu EGNOS sem ESB hefur verið að þróa. Kerfið felur í sér nýja tækni sem hefur verið samþykkt fyrir leiðsögu í flugi og nú á sjó. Ekki liggur fyrir hvenær kerfið verði komið í gangið, en þegar til þess kemur verður hægt að bæta leiðsögunum á sjó m.a. að því leyti að leiðsaga verður ekki bundin þeim beinu línunum sem ljósvitar marka. Unnið er að innleiðingu þessarar tækni en kerfið notar eingöngu gervitungl og nokkrar jarðstöðvar, en ljóst er að innleiðingin mun kalla á breytingar á vitalögum.

2. Viðbrögð við bréfum vegna umhverfisvöktunar og framkvæmd mótvægisáðgerða vegna siglingaöryggis.

Á síðasta fundi svæðisráðsins var ákveðið að senda bréf til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknarstofnunar og Umhverfisstofnunar á grunni stefnu skipulagsins um heildstæða vöktun sem kemur fram í kafla 7.2 í greinargerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Óskað var eftir upplýsingum um þá vöktun sem stofnanirnar sinna, samstarfi stofnanna og hvernig niðurstöðum vöktunar er miðlað.

EAÁ gerði grein fyrir þeim viðbrögðum sem hafa borist við erindinu.

Viðbrögð hafa borist frá NÍ og UST. Auk þess hafa borist upplýsingar um vöktunarverkefni frá Náttúrustofu Vestfjarða, en óskað var eftir upplýsingum frá náttúrustofunni þar sem NÍ benti á að náttúrustofur framkvæmi vöktun á skipulagssvæðunum, sem NÍ hafi ekki tæmandi yfirsýn yfir. Skipulagsstofnun sendi sambærilegt bréf til náttúrustofunnar og óskaði eftir upplýsingar um vöktunarverkefni sem hún sinnir.

Svæðisráð felur Skipulagsstofnun að reyna að fá heillegri mynd af þeirri vöktun sem er í gangi, m.a. öflun upplýsinga frá Hafrannsóknarstofnun og jafnframt óska eftir frekari upplýsingum frá UST og Náttúrustofu Vestfjarða.

3. Minnisblað til innviðaráðherra vegna ákvæða um siglingaöryggi og leyfisveitinga.

MAST hefur gefið út rekstrarleyfi til Arnarlax vegna sjókvíældis á þremur svæðum í Ísafjaðrardjúpi þ.e. Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð. Svæðin eru innan reita sem ætluð eru til staðbundinnar nýtingar samkvæmt strandsvæðisskipulagi (SN23, SN35, SN36).

EAÁ greindi frá því að Skipulagsstofnun hafi vakið athygli Innviðaráðuneytisins, með minnisblaði dags. 9.7.2024, á þeirri stöðu sem er uppi, þ.e. að leyfi séu veitt þrátt fyrir að áhættumat siglinga hafi leitt í ljós að starfsemi á svæðinu hafi neikvæð áhrif á siglingaöryggi. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að áhrif skipulagsákvæðisins um áhættumat á veitingu leyfa fyrir starfsemi á strandsvæðum séu skýr.

4. Mögulegar breytingar á lögum um skipulag haf- og strandsvæða

Í október 2023 var kynnt frumvarp til breytinga á lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Með frumvarpinu var lagt til að uppfæra fyrirkomulag á skipan svæðisráða, skýra ákvæði um skipunartíma þess og hlutverks Skipulagsstofnunar.

EAÁ greindi frá stöðu á mögulegri breytingu á lögnum.
Engar athugasemdir frá svæðisráði við umræddar breytingar.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 14:45.